



Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar

Starfsáætlun Skýjaborgar 2017-2018

Sjálfsmatsskýrsla skólaárið 2016-2017
Umbótaáætlun 2017-2018

Eyrún Jóna Reynisdóttir

Júlí 2017

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR	3
2. HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR UM SKÓLANN	3
3. FORFÖLL OG OPNUNARTÍMI	3
4. SKÓLAHÚSNÆÐI, ÁKVÖRÐUN UM BARNAFJÖLDA	3
5. BARNAHÓPURINN	4
6. STARFSMANNAHÓPURINN SKÓLAÁRIÐ 2017-2018	4
7. SKÓLADAGATAL SKÝJABORGAR 2017-2018	5
8. STARFSDAGAR	5
9. ÁHERSLUR Í LEIKSKÓLASTARFINU	6
10. DAGAR OG VIÐBURÐIR Í SKÝJABORG 2017-2018	6
11. SJÁLFSMATSSKÝRSLA 2016-2017	8
11.1 BARNIÐ Í BRENNIDEPLI	8
11.1.1 <i>Árangursvísir 5.1 starfsandi, 5.5 Samvinna starfsfólks</i>	9
11.1.2 <i>Árangursvísir 5.2 Jafnrétti og réttisýni</i>	9
11.1.3 <i>Árangursvísir 5.3 Samvinna við foreldra</i>	9
11.1.4 <i>Árangursvísir 5.4 Tengsl við aðra leikskóla, grunnskóla og aðrar stofnanir</i>	9
11.1.5 <i>Árangursvísir 6.1 Húsnæði og almennur búnaður</i>	10
11.1.6 <i>Árangursvísir 6.2 Framboð námsgagna</i>	10
11.1.7 <i>Árangursvísir 6.3 Ráðning og hæfni starfsfólks</i>	10
11.1.8 <i>Árangursvísir 6.4 Starfsþróun og endurmat</i>	10
11.2 STARFSMANNASAMTÖL	11
11.3 MAT Á NÁMI OG VELFERÐ BARNNA	13
11.3.1 <i>Nám og þroski barna metin</i>	13
11.3.2 <i>Mat barna á skólastarfinu og líðan þeirra</i>	14
11.4 GRÆNFÁNAVERKEFNI	14
11.5 SÍMENNTUN	15
11.6 MAT Á SKÓLAÁRINU 2016-2017	16
12. UMBÓTAÁÆTLUN 2017-2018	18
13. SJÁLFSMATSÁÆTLUN FYRIR SKÓLAÁRIÐ 2017-2018	20

1. Inngangur

Samkvæmt 14. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 ber hverjum leikskóla að gefa út starfsáætlun árlega sem gerir grein fyrir starfsemi leikskóla hvert skólaár. Starfsáætlun skal staðfest af nefnd sveitarfélagsins skv. 2. mgr. 4. gr., að fenginni umsögn foreldraráðs, og skal hún kynnt foreldrum. Foreldraráð leikskóla og skólaráð grunnskóla í Hvalfjarðarsveit er sameinað í eitt ráð sem heitir skólaráð.

Tilgangur með starfsáætlun er að gera leikskólastarf markvissara og einnig að sýna foreldrum, starfsfólki leikskólans og rekstraraðilum hvernig starfsemin verður á skólaárinu og gerir það allt endurmat auðveldara. Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, barnahópnum, starfsmannahópnum, skipulagsdögum, dögum og viðburðum á skólaárinu, sjálfsmati síðasta árs og umbótaáætlun fyrir komandi skólaár.

2. Hagnýtar upplýsingar um skólann

Skýjaborg er leikskólasvið Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar.

Heimilisfang: Inrimelur 1, 301 Akranes

Símanúmer leikskólans: 433 8530

Starfandi leikskólastjóri: Eyrún Jóna Reynisdóttir

Netfang: eyrun.jona.reynisdottir@hvalfjardarsveit.is

Heimasíða skólans: <http://skoli.hvalfjardarsveit.is>

3. Forföll og opnunartími

Foreldrar/forráðamenn tilkynna forföll barna í síma 433 8530 eða á netfangið eyrun.jona.reynisdottir@hvalfjardarsveit.is.

Opnunartími leikskólans er frá 7:30-17:00.

4. Skólahúsnæði, ákvörðun um barnafjölda

Leikskólastjóri, að höfðu samráði við sveitarstjórn eða nefnd sveitarfélags sem fer með málefni leikskóla í sveitarfélaginu, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og starfsfólk leikskóla, tekur ákvörðun um fjölda barna í leikskóla hverju sinni. Ákvörðun um fjölda barna og skipulag skólstarfs skal taka mið af samsetningu barnahópsins, dvalartíma barna dag hvern, aldri þeirra og þörfum, samsetningu starfsmannahóps og umfangi sérfræðipjónustu.

Áætlaður fjöldi barna í Skýjaborg er 40 börn skv. Verklagsreglum fyrir leikskóla Hvalfjarðarsveitar.

5. Barnahópurinn

Barnafjöldinn verður eftirfarandi haustið 2017. Aðeins hefur verið um breytingar á miðju skólaári á fjölda barna og þeim yfirleitt fjölgað eftir því sem líður á veturinn.

Börn fædd árið 2012	7
Börn fædd árið 2013	7
Börn fædd árið 2014	9
Börn fædd árið 2015	10
Börn fædd árið 2016	4
Alls	37

Gert er ráð fyrir 025 stöðugili vegna tveggja tvítyngdra barna. Reiknað skv. samþykktum verklagsreglum.

6. Starfsmannahópurinn skólaárið 2017-2018

Starfsmenn:	Starfsheiti:	Starfshlutfall:
Eyrún Jóna Reynisdóttir	Leikskólastjóri	100%
Guðmunda Júlía Valdimarsdóttir	aðstoðarleikskólastjóri/ deildarstjóri	100%
Magnea Sigríður Guttormsdóttir	Deildarstjóri (í veikindaleyfi)	0% (90%)
Sigurbjörg Friðriksdóttir	Deildarstjóri	80%
Kristín Ósk Karlsdóttir	Þroskaþjálfari	80%
Ólöf Guðmundsdóttir	Sérkennari	20%
Unnur Tedda Þorgrímsdóttir	Leiðbeinandi	100%
Guðrún Magnúsdóttir	Leiðbeinandi	62,50%
Kristín Ása Hjálmsdóttir	Leiðbeinandi	100%
Guðný Kristín Guðnadóttir	Leiðbeinandi/grunnskólakennaranemi	100%
Aurelia Solovei	Leiðbeinandi	100%
Guðbjörg Benjamínsdóttir	Matráður	100%
	Stöðugildi samtals	9,42

Magga Sigga hefur hug á að koma inn í hlutavinnu þegar líður á veturinn og mun þá Aurelia minnka í prósentuhlutfalli, nema komi til fjölgun barna.

Stöðugildi í Skýjaborg reiknast eftirfarandi skólaárið 2017-2018:

Stjórnun	1,1
Eldhús	1

Grunnstöðugildi	6,038
Sérkennsla	0,25
Afleysing v. undirbúnings	0,35
Afleysing 8,33%	0,69
ALLS	9,428

7. Skóladagatal Skýjaborgar 2017-2018

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2017 - 2018

Nafn skóla:

Skýjaborg

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 F	1 M Nýársdagur	1 F	1 F	1 S Þakadagur	1 Þ Veisluþingardagurinn	1 F	1 S
2 M	2 L	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F Dagur stærðfræðinnar	2 F	2 M Annar í þakum	2 M Vorskóli	2 L	2 M
3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 L	3 Þ	3 F Vorskóli	3 S Þéttmannadagurinn	3 Þ
4 F	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F Hálfur starfsdagur	4 S	4 S	4 M	4 F Vorskóli	4 M	4 M
5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 M	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F
6 S	6 M	6 F	6 M	6 M	6 M Farskráunni	6 L Hvítádagurinn	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 F
7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 L
8 Þ	8 M	8 F	8 S	8 M	8 Þ	8 F	8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 S
9 M	9 L	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 F	9 M	9 M	9 L	9 M Samartí
10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 L	10 Þ	10 F Lúpsvinnudagur	10 S	10 Þ
11 F	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S	11 S	11 F	11 F	11 M	11 M
12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F
13 S	13 M	13 F	13 M	13 M	13 L Lúsi þingi	13 Þ	13 Þ Sprengidagur	13 S	13 S	13 M	13 F
14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 M	14 S	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 L
15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 M	15 F	15 F	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 S
16 S	16 M	16 F	16 M	16 M	16 L	16 Þ	16 F	16 M	16 M	16 L	16 M
17 F	17 M	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 S Lúðveldisdagurinn
18 F	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S	18 S	18 M	18 F	18 M	18 M
19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 M	19 M	19 F	19 M	19 Þ	19 F
20 S	20 M	20 F	20 M	20 M	20 L	20 Þ	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 F
21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 M	21 S	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 L
22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 M	22 F	22 F	22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 S
23 M	23 L	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 F	23 M	23 M	23 L	23 M
24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 L	24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 Þ
25 F	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F	25 S	25 S	25 F	25 F	25 M	25 M
26 L	26 Þ	26 F	26 S	26 Þ	26 M	26 M	26 M	26 L	26 L	26 Þ	26 F
27 S	27 M	27 F	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 F
28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 M	28 S	28 M	28 M	28 L	28 F	28 M	28 L
29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 M	29 F	29 M	29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 S
30 M	30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F	30 F	30 M	30 M	30 L	30 M
31 F	31 Þ	31 F	31 M	31 S	31 M	31 L	31 L	31 F	31 F	31 Þ	31 Þ

8. Starfsdagar

Starfsdagar skólaársins 2017-2018 verða 6 talsins, 5 heilir og 2 hálfir.

Sameiginlegur starfsdagur **15. ágúst** (þriðjudagur): Námskeið í líkamsbeitingu. Hópefli.

Starfsdagur **15. september** (föstudagur): Starfsmannafundur. Undirbúningur vetrarstarfs. Mentor námskeið.

Hálfur starfsdagur **13. október** (föstudagur), lokað frá kl. 12:00: Undirbúningur fyrir foreldraviðtöl.

Hálfur starfsdagur **4. janúar** (fimmtudagur): Starfsmannafundur og fagfundur.

Starfsdagur **15. febrúar** (fimmtudagur): Stefnt að skólaheimsóknum innanlands.

Starfsdagur **14. mars** (miðvikudagur): Undirbúningur fyrir foreldraviðtöl. Starfsmannafundur. Námskeið?

Starfsdagur **23. apríl** (mánudagur): Mat á skólafarfi. Námskeið?

9. Áherslur í leikskólastarfinu

Í skólanámskrá má finna þær áherslur sem skólinn setur sér, markmið og þær leiðir sem farnar eru til að ná markmiðunum. Skólanámskrána má finna á heimasíðu skólans: <http://skoli.hvalfjardarsveit.is.b400.opex.is/content/skólanámskrá>. Deildarnámskrár Regnbogans og Dropans eru svo ítarlegri og sína þau markmið og leiðir sem farnar eru á hvorri deild fyrir sig. Þær uppfærðar í júní ár hvert. Finna má deildarnámskrár á heimasíðu skólans: <http://skoli.hvalfjardarsveit.is.b400.opex.is/content/deildir-leikskólans-0>.

10. Dagar og viðburðir í Skýjaborg 2017-2018

Dagur læsis 8. september: óákveðið hvað gera skal.

Dagur íslenskrar náttúru 16. september (laugardagur og því haldin öðru hvoru megin við helgina): Njóta náttúrunnar í nágrenni leikskólans. Möguleiki að fara í vettvangsferð með nesti.

Kynningardagar fyrir foreldra 18. – 22. september: Foreldrum boðið inn á deildir, vetrarstarf kynnt.

Alþjóðlegi bangsadagurinn 27. október: Þá mega börnin koma með bangsa í leikskólann.

Foreldraviðtöl: Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári. Ein vika í október og ein í mars.

Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember: Sönglög og þulur eftir íslenska höfunda kynntar börnum. 3. bekkur kemur í heimsókn og les fyrir börnin.

Fullveldisdagurinn 1. desember: Þá eru elstu börnin með atriði með 1. bekk á Fullveldishátíð í Heiðarskóla.

Aðventan: Smákökubakstur í lok nóv/byrjun des. Þann 6. desember er foreldrakaffi sem er róleg stund með foreldrum, boðið upp á kaffi og heimabakaðar smákökur. Þann 13. desember verða litlu jólin hér í Skýjaborg. Þá hittumst við saman á Regnboganum, syngjum jólalög og dönsum í kringum jólatréð. Í hádegismatinn er hátíðismatur. Í kringum aðventuna höfum við einnig síðustu árin fengið jólaleikrit í boði foreldrafélagsins. Lagt er upp með að aðventan sé róleg, fjarri stressi og hraða sem myndast oft í þjóðfélaginu á þessum tíma árs.

Karлакaffi: Á bóndaginn 19. janúar er öllum körlum í lífi barnanna boðið í karlakaffi.

Þorrinn: Þorrablót haldið einn á þorra. Hangikjöt, harðfiskur og þorramatssmakk.

Dagur leikskólans 6. febrúar: Í tilefni hans förum við saman í skróðgöngu um hverfið og reynum að vekja athygli út á við á leikskólastarfi.

Bolludagur 12. febrúar: Boðið er upp á fiskibollur í hádegismatinn og rjómobollur í kaffitíma.

Sprengidagur 13. febrúar: Boðið er upp á saltkjöt og baunir í hádegismatinn.

Öskudagur 14. febrúar: Allir mega koma í grímubúningum eða náttfötum. Þá koma allir saman á Regnboganum, kötturinn sleginn úr tunnunni (poppið úr pappakassanum) og haldið er ball.

Konukaffi 16. febrúar: Í tilefni konudags 18. febrúar er öllum konum í lífi barnanna boðið í konukaffi.

Dans: Í 5 vikur í febrúar og mars er danskennari fenginn 1x í viku til að brjóta upp leikskólastarfið og kenna börnunum skemmtilega dansa.

Dagur umhverfisins, 25. apríl: Þá er farið út að tína rusl. Ef áhugi er fyrir hendi er gaman að búa eitthvað til úr ruslinu. Sum ár hefur verið útbúið ruslaskrímli.

Vorskóli elstu barna: 2., 3. og 4. maí verður útskriftarargangur í vorskóla í Heiðarskóla. Þá fara börnin með skólarútunni að heiman, sækja Heiðarskóla þrjá heila daga og koma ekkert í leikskólann.

Sveitaferð: Þann 23. maí verður farið í hina árlegu sveitarferð að Bjartheyjarsandi.

Útskrift: Einhvern daginn í lok maí verður útskrift elstu barna, dagur auglýstur þegar nær dregur. Börnin æfa atriði og sýna, síðustu ár hafa börnin farið með þulu og sungið lag. Börnin fá svo afhent skírteyni og gjöf. Að lokum gæða allir sér á veitingum af glæsilegu hlaðborði sem fjölskyldur hjálpast við að útbúa.

Umferðarvika og hjóladagur: Eina viku í maí höldum við umferðarviku og höfum hjóladag þá.

Útskriftarferð: Einn veðurbliðan dag í júní munu börnin fara í útskriftarferð. Farið er á Akranes. Dagskrá og tímasetning auglýst þegar nær dregur.

Útidótadagur: Hefð er fyrir því að hafa útidótadag einn veðurbliðan dag í júní.

11. Sjálfsmatsskýrsla 2016-2017

Mat á skólastarfi tekur mið af markmiðum og mælikvörðum sem settir eru fram í skólastefnu Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar og skólanámskrá. Árlega er sett fram matsáætlun sem tryggir mat á öllum þáttum skólastarfsins á fimm ára tímabili. Á hverju ári eru matsfundir að vori þar sem skólastarf ársins er metið í heild og einstakir þættir þess. Við mat á skólastarfi er unnið út frá matsaðferðinni Barnið í Brennidepli sem er heildstætt matstæki.

Áherslur skólaársins 2016-2017 voru að meta:

- Lykilþátt 5. Vinnusiðfræði leikskólans, 5.1, 5.2, 5.3, 5.4, 5.5.
- Lykilþátt 6. Námsumhverfi leikskólans, 6.1, 6.2, 6.3, 6.4.

Árlega er lagt upp með eftirfarandi matsþætti:

- Kynningarvika fyrir foreldra að hausti.
- Foreldraviðtöl tvisvar yfir skólaárið – helstu niðurstöður teknar saman.
- Starfsmannasamtöl – helstu niðurstöður teknar saman.
- Starfsáætlun.
- Símenntunaráætlun starfsmanna.
- Gátlisti Grænfánaverkefnisins.
- Mat barna á skólastarfinu.

Annað hvert ár er lagt upp með eftirfarandi matsþætti:

- Starfsmannakönnun – Fræðslu- og skólanefnd (Ytra mat).
- Viðhorfskönnun meðal foreldra – Fræðslu- og skólanefnd (Ytra mat).
- Umsókn um Grænfána.

11.1 Barnið í brennidepli

Leikskólinn byrjaði að nota matstækið Barnið í brennidepli skólaárið 2010-2011. Teknir eru nokkrir árangursvísar á ári og er farið á 3-5 árum yfir alla lykilþættina og árangursvísana. Þetta er annað árið í annarri yfirferð. Farið var yfir alla árgangursvísa undir lykilþætti 5 og 6.

Lykilþættina mátu starfsmenn leikskólans í gegnum nafnlausa könnun sem send var á alla starfsmenn. Í lok maí var svo farið yfir niðurstöður könnunarinnar á starfsmannafundi, þær ræddar og mikilvægi svaranna velt upp. Á fundinum var svo árangursvísir 5.4 metin, en hann var ekki inn í könnuninni. Flestar spurningar voru settar fram sem fullyrðingar sem starfsfólk mat svo hversu sammála það var fullyrðingar. Auk fullyrðinganna voru nokkrar opnar spurningar sem gaf færi á opnum og ítarlegri svörum.

11.1.1 Árangursvísar 5.1 starfsandi, 5.5 Samvinna starfsfólks

Niðurstöður könnunar benda til að starfsandi og samvinna starfsfólks sé gott. Flestir voru mjög eða frekar sammála öllum þeim fullyrðingum sem settar voru fram um starfsanda og samvinnu starfsfólks. Gleði, samvinna og virðing eru til að mynda þau lýsingarorð sem oftast voru nefnd þegar starfsfólk lýsti því hvað einkennir andrúmsloft meðal starfsmanna í Skýjaborg. Það sem starfsfólk telur að þurfi að laga er samvinna milli deilda, fá meiri tíma í samræður hópurinn í heild og bæta þarf vinnuaðstöðu og útifatnað starfsfólks. Út frá niðurstöðum má sjá að veikindi og hvernig tekið hefur verið á málum sem valda pirringi er það sem helst hefur dregið starfsanda niður. Þá má sjá að bæta mæta þessa þætti með því að ýta betur undir fagþekkingu og skoða skipulag og tímoplan út frá þörfum barnanna.

Til úrbóta: Skoða samvinnu á milli deilda. Nýta hluta af hverjum starfsdegi í samræður hópurinn í heild. Bæta vinnuaðstöðu í undirbúningsherbergi. Byrja að endurnýja útifatnað starfsfólks. Leggja áherslu á lýðheilsu starfsfólks.

11.1.2 Árangursvísir 5.2 Jafnrétti og réttisýni

Niðurstöður könnunar benda til að jafnrétti og réttisýni sé í góðum farvegi í leikskólanum. Flestir voru mjög eða frekar sammála öllum fullyrðingum sem settar voru fram um jafnrétti og réttisýni í skólafarfinu. Starfsfólk leitar hins vegar eftir frekari fræðslu í sambandi við jafnréttismál. Einnig má bæta að þeir sem fara á námskeið sé gefin tími til að miðla þekkingu sinni áfram til samstarfsmanna.

Til úrbóta: Koma inn fræðslu um jafnréttismál. Gefa starfsfólki tækifæri til að miðla þekkingu sinni áfram til samstarfsmanna þegar þeir hafa sótt námskeið.

11.1.3 Árangursvísir 5.3 Samvinna við foreldra

Niðurstöður könnunar benda til að samvinna við foreldra sé góð og að virðing á milli aðila sé það sem einkennir helst samskiptin. Tveir nefndu að þeim þættu foreldrar stundum fá of miklar upplýsingar eða of mikið deilt með þeim. Það var rætt á starfsmannafundi í lok maí og ekki kom niðurstaða hvers konar upplýsingar foreldrar væru að fá of mikið af. En rætt var hversu mikilvægt væri að gefa foreldrum einungis upplýsingar um sitt barn. Einnig kom góð umræða um boðleiðir fyrir hópstjóra til að vera í samstarfi við foreldra í hópnum þeirra. Möguleiki er að bæta okkur þar og finna leiðir með hópstjórum til að koma skilaboðum áleiðis til allra barna í hópnum sínum, s.s. með tölvupósti.

Til úrbóta: Að starfsfólk passi að gefa foreldrum einungis upplýsingar um barn þeirra. Skoða leiðir með hópstjórum til að koma skilaboðum áleiðis til allra barna í hópnum þeirra.

11.1.4 Árangursvísir 5.4 Tengsl við aðra leikskóla, grunnskóla og aðrar stofnanir

Starfsfólk leikskólans er sammála um að leik- og grunnskólasvið í Hvalfjarðarsveit eru í góðum tengslum. Til að viðhalda og þróa slík tengsl þarf að passa að samtal eigi sér stað regluglega milli starfsfólks og raddir barna fái að heyrast. Einnig kom fram hjá starfsfólki að á fagfundum væri gott að fulltrúi frá hvoru sviði fengi tækifæri til að segja frá málefni fundarins og eftir kynningar frá báðum stöðum væri umræða. Leikskólinn er einnig í samstarfi við þrjá aðra leikskóla og kallast samstarfið

birtuskólar. Leikskólinn er virkur þátttakandi í nærsamfélaginu og reynt er að nýta það sem samfélagið býður upp á. Nærvera Stjórnsýsluhússins er nýtt og tryggir stuttar boðleiðir á milli.

Til úrbóta: Viðhalda góðum samtölum starfsfólks milli sviða. Passa að raddir barna fái að heyrast í skólasamstarfi. Þróa fagfundi þvert á sviðin þannig að raddir beggja sviða fái að heyrast.

11.1.5 Árangursvísir 6.1 Húsnæði og almennur búnaður

Niðurstöður benda til að húsnæði og almennur búnaður sé í lagi. Flestir voru mjög eða frekar sammála þeim fullyrðingum sem settar voru fram um húsnæði og almennan aðbúnað. Bæta þarf útiskúrinn, þörf er á stærri skúr, sem hefur ekki þröskuld til að auðvelda aðgengi til að koma hjólum inn og út. Þá finnst starfsfólki þörf á að laga undirbúningsaðstöðu, fá aðra tölvu (í heild hafa tvær) og gott vinnuborð.

Til úrbóta: Nýr útiskúr á viðhaldslista. Gera endurbætur á undirbúningsaðstöðu, með tveimur tölvum og góðu vinnuborði eftir því sem rýmið biður upp á.

11.1.6 Árangursvísir 6.2 Framboð námsgagna

Út frá niðurstöðum um framboð námsgagna má sjá að starfsfólk þarf betri fræðslu um þá fjárveitingu sem leikskólinn hefur og í hvað hún er nýtt. Annars voru flestir mjög eða frekar sammála öllum þeim fullyrðingum sem settar voru fram um framboð námsgagna.

Til úrbóta: Fara 1x á ári yfir fjármál leikskólans með starfsfólki, hvernig leikskólinn stendur og í hvað peningarnir fara í.

11.1.7 Árangursvísir 6.3 Ráðning og hæfni starfsfólks

Niðurstöður könnunarinnar um ráðningu og hæfni starfsfólks sína að flestir eru mjög eða frekar sammála um að notað sé viðeigandi ferli við ráðningu starfsfólks og við að styðja það frá upphafi í starfi. Flestir vildu ekki taka afstöðu um hvort ferlið komi í veg fyrir ráðningu óhæfs starfsfólks. Fjöldi starfsmanna í leikskólanum er samkvæmt reglugerð en ekki eru allir sammála því að nægur fjöldi starfsfólks sé í leikskólanum og má tengja það við mikil veikindi í vetur. Flestir eru mjög eða frekar sammála um aðrar fullyrðingar sem settar voru fram um ráðningu og hæfni starfsfólks.

Til úrbóta: Leggja aukna áherslu á lýðheilsu.

11.1.8 Árangursvísir 6.4 Starfsþróun og endurmat

Flestir eru mjög eða frekar sammála um að möguleiki sé að þróast í starfi. Þá er starfsfólk flest sammála að það sé vel upplýst um stefnu leikskólans. Rúm 40% er hvorki sammála né ósammála að starfsfólk sé vel upplýst um stefnu sveitarfélagsins. Starfsfólk er upplýst um möguleika á fræðslu og menntun í starfi og það finnst skipulag vera til staðar vegna starfsmannasamtala og funda til að meta starfið.

Til úrbóta: Kynna nýja skólastefnu sveitarfélagsins þegar hún kemur út nú á sumarmánuðum. Viðhalda því að láta starfsfólk vita um helstu námskeiðum sem eru í boði í tengslum við leikskólastarf.

11.2 Starfsmannasamtöl

Skólastjóri boðar starfsfólk í samtöl einu sinni á ári, á vorönn, þar sem farið er yfir starf viðkomandi starfsmanns, styrkleika og veikleika í starfi, símenntunarþarfir og óskir varðandi breytingar á eða í starfi.

Starfsmannasamtöl fóru fram á tímabilinu 23. febrúar – 14. mars 2017. Fyrirkomulag samtalanna var með þeim hætti að sviðsstjóri/starfandi skólastjóri ræddi við hvern og einn starfsmann á sínu sviði út frá viðtalsramma sem fylgir í viðauka.

Hér fyrir neðan er að finna samantekt út þessum samtölum og er hún með tvenns konar hætti, annars vegar töluleg þar sem starfsmenn gáfu þáttum í starfinu einkunn út frá einkunnaskalanum 1-3-5-7-9 þar sem 1 er lægst og 9 er hæst og hins vegar almennar athugasemdir sem komu fram í samtölunum, bæði sem hefur með styrkleika skólans að gera og líka þar sem ákveðin tækifæri liggja til úrbóta.

Örlítill breyting var á formi starfsmannasamtalanna frá síðasta ári. Þó er hægt að bera saman sömu þætti og frá fyrra ári.

Samantekt úr “mitt mat”, vorið 2016:

Ánægja í starfi	Samskipti / Starfsandi	Vinnuaðstaða / álag	Samskipti við börn / nem	Stjórnun á Vinnustað	Heild:
7,4	7,58	6,74	8,42	7,65	7,55
82%	84%	75%	94%	85%	84%
Heiðarskóli:					
7,17	7,61	7	8,3	7,43	7,5
Skýjaborg:					
8	7,5	6	8,75	8,25	7,7

Samantekt úr “mitt mat”, vorið 2017:

Ánægja í starfi	Samskipti / Starfsandi	Vinnuaðstaða / álag	Samskipti við börn / nem	Stjórnun á Vinnustað	Samskipti við foreldra	Heild:
Leik- og grunnskóli:						
7,5	7,7	7,3	8,3	8,4	8,3	7,9
83%	86%	81%	92%	93%	92%	88%
Heiðarskóli:						
6,9	7,4	7,1	8,2	8,5	8,2	7,7
77%	82%	79%	91%	94%	91%	86%
Skýjaborg:						
8,6	8,3	7,5	8,5	8,3	8,5	8,3
96%	92%	83%	94%	92%	94%	92%

Aðgerðarplan fyrir næsta skólaár, 2017-2018:

- Hver hópstjóri skipuleggi betur hópastarfið fram í tímann til að auðvelda sér vinnuna.
- Fara yfir útireglur.
- Fataherbergið – leyfa börnunum að spreyta sig sjálf.
- Koma á betra skipulagi á jógastarfi.
- Starfsmenn fari saman yfir dagskipulag deildarinnar reglulega.
- Holur í garði – taka í fóstur og rækta þær upp ef hægt er.
- Setja upp skipulag á hvorri deild fyrir sig þegar vantar starfsfólk. Hvað á að gera? Hverju á að sleppa til að allt gangi upp?
- Trúnaðarmenn fari yfir með starfsfólki hvert þeirra starf sé.
- Fá aðra undirbúningstölvu.
- Byrja að endurnýja útiföt.
- Þroskaskeið leikskólabarna – hver er staðan á þessum aldri?
- Fræðsla um einingakubba.
- Námskeið fyrir matráð.
- Búa til gagnabanka – viðburðarbók – til að fletta upp í á milli ára. Framkvæmd – leiðir – markmið.
- Kynna starfsmannahandbók fyrir starfsmönnum að hausti og hvar hún er aðgengileg.

Eftirfarandi á viðhaldsþarfarlista:

- Taka trégirðingar sem liggja upp við girðinguna.
- Holur í garði – lagfæra.
- Útiskúr á stærra svæði – vantar stærri skúr, ekki þroskuldur.

Niðurstöðurnar eru unnar áfram í umbótaáætlun skólans fyrir næsta skólaár sem má finna hér aftar.

11.3 Mat á námi og velferð barna

11.3.1 Nám og þroski barna metin

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári og gefst foreldrum tækifæri til að koma að skipulagi skólstarfsins. Foreldrar geta einnig óskað eftir að hitta starfsfólk utan skipulagðra foreldraviðtala. Fyrir foreldraviðtöl fara fram skráningar á líðan og þroska barna í leikskólanum. En framfarir í þroska barna eru metnar með skipulögðum hætti í gegnum alla leikskólagöngu þeirra og eru niðurstöðurnar notaðar til að bæta skipulag og aðferðafræði leikskólans. Við leikskólann starfa talmeinafræðingur og sérkennari sem aðstoða við og útfæra mat á þroska barna ef um frávík er að ræða. Dæmi um tæki til að meta þroska barna eru; Hljóm-2, Íslenski þroskalistinn, Íslenski smábarnalistinn, Orðaskil, TRAS og þroskalisti sem útbúinn hefur verið í leikskólanum til að skoða alhliða þroska barna.

Við athugun á þroska, námi og velferð barna er lögð áhersla á að skoða:

- Ahliða þroska
- Sjálfstæði
- Áhugasvið
- Þátttöku í leik úti og inni
- Félagsfærni og samkennd
- Frumkvæði og sköpunarkraft
- Tjáningu og samskipti

Þessir þættir eru lagðir til grundvallar í foreldraviðtölum. Foreldraviðtöl í vetur komu vel út. Almenn ánægja var meðal foreldra með skólastarfið og starfsfólkið, allir jákvæðir og þóttu börnin sín glöð. Engar ábendingar eða óskir breytingar komu frá foreldrum.

Í leikskólanum á hvert barn sína ferilmöppu þar sem safnað er saman verkum, verkefnum, ljósmyndaskráningum, námsgögnum og því sem hægt er að nota við mat á þroska, námi og velferð. Börnin fá einnig að velja annað sem þau vilja e.t.v. bæta í þeirra ferilmöppur. Við lok leikskólagöngu fær hvert barn sína ferilmöppu afhenta til eignar.

Leikskólinn á fulltrúa í nemendaverndarráði þar sem málefni einstakra barna eru rædd ef um frávík í þroska, félagslegu umhverfi eða líðan er að ræða.

Sérkennari kemur í leikskólann einu sinni í viku og hjálpar til við skimun og sinnir þeim börnum sem þurfa á sérstuðningi að halda. Mestur af þeim stuðningi snýr að málörvun einstakra barna. Sérkennari sinnir einnig ráðgjöf til starfsmanna og foreldra og er skólastjóra innan handar við skipulagningu sérstuðnings. Sérkennari skilar skýrslu til skólastjóra.

Talmeinafræðingur kemur í leikskólann um það bil einu sinni í mánuði og sinni greiningu, ráðgjöf, íhlutun og eftirfylgni. Nokkur börn hafa þurft á þjálfun að halda í vetur og hafa starfsmenn sinnt þjálfun undir handleiðslu talmeinafræðings utan þess tíma sem hann kemur í leikskólann.

11.3.2 Mat barna á skólstarfinu og líðan þeirra

Elstu börnin hafa síðustu ár fengið tækifæri til að leggja mat á vellíðan í leikskólanum með svokölluðu broskarlamati sem framkvæmt er þegar þau hafa þroska til. Broskarlamatið var ekki notað í ár, heldur voru börnin spurð spurninga, um sjónarmið sitt á ýmsa þætti leikskólstarfsins sem þau svöruðu einstaklingslega.

Út frá svörum barnanna má sjá að þeim líður öllum vel í leikskólanum. Þeim líður helst illa þegar það er hávaði, þegar þau meiða óvart eða þegar enginn er að leika. Þau voru spurð hvað þau mega ráða og nefndu þau ýmislegt, eins og hvað þau leika og við hverja, hvaða föt þau fara í. En þau eru sammála um það að kennararnir ráða yfirleitt og þau vilja fá að ráða meiru. Eitt barn kom með hugmynd að þau vilja ráða meira þegar þau fara á milli Dropans og Regnbogans. Börnunum finnst yfirleitt gaman í útiveru, en leiðinlegt þegar það er rok og rigning. Þau ræddu helst að þau vilja fara oftast út fyrir skólalóðina, á leynistaðinn eða hundraðekruskóg. Börnin voru spurð hvernig þeim þætti að heimsækja Heiðarskóla og voru öll sammála um þeim þætti það mjög gaman og skemmtilegt í sundi.

Elsti árgangurinn fór yfir og velti fyrir sér þrjú af fjórum gildum skólans í sameiningu vellíðan, virðing og samvinnu. Börnin komumst að því að vellíðan þýðir að “að líða vel”. Þeim líður vel í leikskólanum alla daga og á miðvikudögum. Þeim líður vel þegar þau leika sér, eru öll saman, eru með vinum sínum, þegar þau borða og gera eitthvað skemmtilegt, s.s. lita, kubba, perla, leika úti í snjó og renna. Börnin ræddu saman um virðingu og komust að því að það þýðir að vera góð hvert við annað. Þau ræddu hvernig þau bera virðingu fyrir hvert öðru og það gera þau með því að hlusta, nota falleg orð, spyrja t.d. “viltu leika”, leika við aðra, meiða ekki, taka ekki dót að öðrum og vera góð. Börnin komu einnig inn á að það væri mikilvægt að bera virðingu fyrir umhverfinu, t.d. mætti bara stíga á sterkar greinar þegar maður klifrar í trjám en ekki á “lausar” greinar. Það má heldur ekki brjóta trén. Börnin ræddu samvinnu og voru sammála um að samvinna þýðir að hjálpast að og vera góð hvert við annað. Þau ræddu hvernig þau sýna samvinnu í leikskólanum en það gera þau með því að hjálpast að, leika öll saman, skilja ekki útundan, taka til og raða kubbunum í skápinn, vera ekki vond, meiða ekki og ýta ekki.

Til úrbóta: Finna leiðir til að leyfa börnunum að hafa meiri áhrif á leikskólstarfið. Viðhalda því að hóparnir eiga leynistað og halda áfram að heimsækja og hugsa um hundraðekruskóginn okkar. Hafa göngutúra oftast í boði fyrir börnin. Þjóða oftast upp á deildarugl.

11.4 Grænfánaverkefni

Leikskólinn flaggaði sínum fjórða grænfána nú 31. maí 2017. Í sumar mun svo koma skriflegt svar frá grænfána um leiðir til úrbóta og áframhaldandi þróun á umhverfismennt.

Í vetur var umhverfisnefnd leikskólans skipuð elsta árgangi leikskólans, hópstjóra og starfandi leikskólustjóra. Haldnir voru þrjár fundir þar sem farið var yfir markmið grænfánans og verkefni skipulögð með grænfánamarkmið að leiðarljósi.

Markmið grænfánaverkefnisins með plastpokanotkun hefur gengið vel. Fleiri taupokar voru saumaðir og eru nú engin blaut / skítug föt send heim í plastpokum. Í mars 2017 hafði verkefnastjóri Grænfánaverkefnisins samband við Íslenska gámafélagið út frá þætti á RÚV um flokkun í grænu tunnuna. Fram að þessum tíma settum við allt plast, ál og minni pappaafganga í glæra poka ofan í

grænu tunnuna. En gámafélagið gerði kröfu um það til að byrja með en er ekki þörf á lengur. Við tókum ákvörðun að hætta því og minnka þar með enn meira plastpöknotkun. Börnin fara í gegnum endurvinnslukassann og taka úr það sem þau vilja og geta nýtt meira í leik eða starfi. Svo er helt beint úr kassanum í grænu tunnuna, sem áður voru um þrjú glærir pokar í hver skipti sem kassinn var tæmdur.

Út frá markmiði að vinna að lýðheilsu, hollan mat og jóga var haldið var áfram með jógaáherslur á þessu ári. Starfsfólk prófaði sig áfram í jóga með börnunum og var sett markmið að hver barnahópur færi 1x í viku í jóga í hópastarfi. Á stærri stundum þar sem fleiri voru saman komnir var slakað á með jógatónlist. Matseðlar (morgun-, hádegis- og síðdegismatar) voru ígrundaðir með tilliti til hollustu. Ekki var þörf á að breyta eða taka út, en lagt var áherslu á að bjóða upp á fjölbreyttara en áfram hollt meðlæti með hádegismatnum til að kynna börnunum fyrir fleiri grænmetistegundum. Gekk það vel og mátti sjá ánægju barna og starfsfólks með meiri fjölbreytni. Í janúar höfðum við forvarnaviku í hljóðvist. Starfsfólkið notaði Ipad-spjaldtölvunar til að mæla hljóðvist í herbergjum deildanna. Öryggistrúnaðarmaður leikskólans var umsjónarmaður mælinganna og tók þær saman. Fyrir hljóðvistarvikuna voru teknir saman punktar um hvað starfsfólk og börn gætu gert til að bæta hljóðvist og minnka óþarfa hávaða á deildunum. Leikföng, þá sérstaklega kubbar, voru færðir til á milli herbergja, þar sem mest af efnivið var í boði í stærsta rými Regnbogans, eldri deildarinnar, sem skapaði hávaða þar.

Í apríl 2017 fór starfsfólk Skýjaborgar í náms- og kynnisferð til Berlínar í Þýskalandi. Þar heimsótti starfsfólkið leikskóla sem leggur mikið upp úr útveru barnanna. Leikskólinn hefur meðal annars reit til ræktunar sem er vel nýttur. Farið var á listnámskeið þar sem lögð var áhersla á hvernig nálgast á listkennslu barna. Einnig var farið á jóganámskeið. Á jóganámskeiðinu var farið yfir bakgrunn jóga og hvernig byggja á upp jógatíma með börnum. Starfsfólk bjó svo til jógaævintýraferðir / jógastundir með upphafi og endi og fara þær kennsluáætlanir inn í verkefnakistu grænfánans. Hluti hópsins fór í hjólaferð um borgina og upplifði umhverfi hennar og sögu.

Áfram var unnið að markmiðum grenndarnáms. Vinnan hefur ekki verið þróuð frekar. Landakortið og leynistaðir eru á sínum stað.

Mánaðurtengdur gátlisti var endurskoðaður að hausti. Listinn er sýnilegur og starfsfólk fylgir honum eftir við skipulagningu skólastarfsins. Farið var yfir gátlista grænfánaverkefnisins á starfsdegi í mars 2017.

11.5 Símenntun

Unnið er samkvæmt símenntunaráætlun skólans sem unnin er árlega með markmið og áherslur skólans að leiðarljósi.

Áherslur vetrarins voru á skyndihjálpi, samskipti, samvinnu og líðan.

- 15. ágúst: Allir starfsmenn fóru skyndihjálparnámskeið.
- 15. ágúst: Allir starfsmenn sátu fyrirlestur um núvitund og jákvæða sálfræði. Fyrirlesari: Bryndís Jóna Jónsdóttir frá Núvitundarsetrinu.
- 18. ágúst: Tveir starfsmenn fóru á námskeið í Office 365 – Skýjalausnir.
- 30. ágúst: Einn starfsmaður sótti námskeiðið Að stjórna jafningjum hjá Þekkingarmiðlun ehf.

- 16. september: Farið var yfir með öllum starfsmönnum Starfsáætlun Skýjaborgar 2016-2017, niðurstöður mats á skólastarfi, niðurstöður úr starfsmannasamtölum og aðgerðarplan, farið yfir og skólafundir Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar og gerðar breytingar, viðbragðs- og rýmingaráætlun skólans og skráningu á slysum barna.
- 18. október: Einn starfsmaður sótti trúnaðarmannanámskeið.
- 25. október: Einn starfsmaður sótti sundlaugarvarðarnámskeið.
- 27. október: Einn starfsmaður sótti námskeiðið Íslenski þroskalistinn hjá Endurmenntun.
- 28. október: Einn starfsmaður sótti námskeiðið Smábarnalistinn hjá Endurmenntun.
- 31. október: Tveir starfsmenn sóttu námskeiðið Starf sérkennslustjóra hjá Endurmenntun.
- 15. – 16. nóvember: Einn starfsmaður sótti öryggistrúnaðarmannanámskeið.
- 30. janúar: Þrjú starfsmenn sátu námskeið um leikskólakerfi Mentors.
- 13. febrúar: Einn starfsmaður sótti Bitsboard Pro námskeið.
- 10. mars: Allir starfsmenn (fyrir utan matráð) sátu fagfund um byrjendalæsi/leikskólalæsi.
- 20. – 22. mars: Einn starfsmaður sótti trúnaðarmannanámskeið.
- 23. – 25. mars: Einn starfsmaður sótti ráðstefnu NERA í Kaupmannahöfn, Danmörku um menntun ungra barna.
- 20. – 24. apríl: Allir starfsmenn fóru í náms- og kynnisferð til Berlínar:
 - Sóttu jóganámskeið með áherslu á jógakennslu ungra barna.
 - Sóttu listnámskeið með áherslu á listkennslu ungra barna.
 - Fóru í leikskólaheimsókn.
- 10. maí: Tveir starfsmenn sóttu námskeið um nýja nálgun í atferlisþjálfun hjá Greiningarstöð.
- 11. – 12. maí: Einn starfsmaður sótt vorráðstefnu Greiningarstöðvar.
- 15. maí: Tveir starfsmenn sóttu ráðstefnu RannUng um menntun 5 ára barna.
- 9. júní: Einn starfsmaður sótti námstefnu FSL um vellíðan í starfi.

Áherslur í símenntun fyrir næsta skólaár eru á líkamsbeitingu, lýðheilsu, þroska barna og námi þeirra í leik.

11.6 Mat á skólaárinu 2016-2017

Allt starfsfólk tók þátt í mati á skólastarfi eins og venja er. Stærsti hluti skólastarfsins fór fram í gegnum spurningakönnun sem starfsfólk svaraði. Þá var haldinn starfsmannafundur 30. maí 2017 sem var allur nýttur í mat á skólastarfi.

Skólastarfið hefur gengið ágætlega í vetur. Áframhaldandi veikindi voru á starfsfólki eins og hefur einkennt síðustu ár. Gengið hefur vel að halda deildarstjóra- og deildarfundi og fundartími vel nýttur. Dagskipulag á eldri deildinni, Regnboganum, hefur aðeins breyst í vetur og aukin áhersla á frjálsan leik. Börnin fá frekar að ráða hvenær þau fara út og skilar það sér með lengri útiveru margra barna. Ekki var farið í þá vinnu að yfirfara þroskalista á þessu skólaári eins og planið var að gera í vetur. Ástæða þess er að skólastjóri hætti í ágúst og sviðsstjóri tók við skólastjórastöðu. Geymsla og flokkun mynda er enn í viðræðum, en ákveðið hefur verið að frá og með næsta hausti munu foreldrar sjá um að hlaða niður og geyma þær myndir sem þeir vilja.

Skólasamstarfið gekk vel í vetur. Verkefnastjóri skipulagði og hélt utan um samstarfið. Komið hafa fram góðar upplýsingar til úrbóta. Sjá má skýrslu verkefnastjóra í ársskýrslu 2017.

Umbætur í starfsáætlun næsta skólaárs: Viðhalda faglegri umræðu milli starfsfólks um hvað er gert vel og hvað má betur fara. Leggja aukna áherslu á lýðheilsu starfsfólks. Yfirfara og endurbæta þroskalista. Þróa áfram geymslu og flokkun mynda sem allt starfsfólk verður sáttt við.

12. Umbótaáætlun 2017-2018

Út frá niðurstöðum á innra mati skólans er gerð umbótaáætlun fyrir næsta skólaár. Í ár var umbótaáætlunin gerð ítarleg og flokkuð niður til að gera hana skilvirkari.

Á starfsmannafundum/starfsdögum:

- Ávallt eru einhverjar breytingar í starfsmannahaldi og því mikilvægt að fara vel í markmið, aðferðir og leiðir í leikskólastarfinu.
- Kynna starfsmannahandbók fyrir starfsmönnum að hausti og hvar hún er aðgengileg.
- Nýta hluta úr hverjum starfsdegi í samræður hópurrinn í heild.
- Koma inn fræðslu um jafnréttismál.
- Gefa starfsfólki tækifæri til að miðla þekkingu sinni áfram til samstarfsmanna þegar þeir hafa sótt námskeið.
- Fara 1x á ári yfir fjármál leikskólans, hvernig leikskólinn stendur og í hvað peningarnir fara í.
- Kynna nýja skólastefnu sveitarfélagsins eftir að hún kemur út nú á sumarmánuðum.
- Fara yfir útireglur.
- Trúnaðarmenn fari yfir með starfsfólki hvert þeirra starf sé.
- Fara yfir þroskaskeið leikskólabarna – hver er staðan á þessum aldri?
- Fræðsla um einingakubba.
- Námskeið fyrir matráð.

Stjórnendur:

- Byrja að endurnýja útifatnað starfsfólks.
- Leggja aukna áherslu á lýðheilsu starfsfólks.
- Skoða leiðir með hópstjórum til að koma skilaboðum áleiðis til allra barna í hópnum þeirra.
- Viðhalda góðum samtölum starfsfólks milli leik- og grunnskólasviðs.
- Þróa fagfundi þvert á sviðin þannig að raddir beggja sviða fái að heyrast.
- Þróa skipulag á jógastarfi.
- Starfsmenn fari saman yfir dagskipulag deildarinnar reglulega.
- Setja upp varaskipulag á hvorri deild fyrir sig þegar vantar starfsfólk. Hvað á að gera? Hverju á að sleppa til að allt gangi upp?
- Búa til gagnabanka – viðburðarbók – til að fletta upp í á milli ára. Framkvæmd – leiðir – markmið.

Deildarstjórar/starfsfólk:

- Passa að raddir barna fái að heyrast í skólasamstarfi. Finna leiðir til að leyfa börnunum að hafa meiri áhrif á leikskólastarfið.
- Þjóða oftari á deildarugl.
- Viðhalda því að hóparnir eiga leynistað og halda áfram að heimsækja og hugsa um hundraðekruskóginn okkar.
- Hafa göngutúra oftari í boði fyrir börnin.
- Leyfa börnunum að spreyta sig sjálf í fataherbergi.
- Skoða samvinnu á milli deilda.

- Hver hópstjóri skipuleggi betur hópastarfið fram í tímann til að auðvelda sér vinnuna.

Eftirfarandi á viðhaldsþarfarlista:

- Bæta vinnuaðstöðu í undirbúningsherbergi. / Gera endurbætur á undirbúningsaðstöðu, með tveimur tölvum og góðu vinnuborði eftir því sem rýmið býður upp á.
- Taka trégirðingar sem liggja upp við girðinguna.
- Holur í garði – lagfæra.
- Útiskúr á stærra svæði – vantar stærri skúr, ekki með þröskuldi.

13. Sjálfsmatsáætlun fyrir skólaárið 2017-2018

Við sjálfsmat í leikskólanum er notast við matstækið “Barnið í brennidepli” og farið er yfir nokkra árangursvísa á ári. Á líðandi skólaári var farið yfir lykilþætti 5 og 6 sem snéru að vinnusiðfræði leikskólans og námsumhverfi. Næsta vetur er áætlað að klára yfirferð árangursvísa og skoða lykilþátt 4 og 7 sem snúa annars vegar að stuðningi við börn og fjölskyldur og hins vegar stjórnun.

Áherslur í sjálfsmati verða eftirfarandi:

Lykilþáttur 4: Stuðningur við börn og fjölskyldur

Árangursvísir 4.1 Samræmt uppeldisstarf

Árangursvísir 4.2 Samræmi uppeldis og menntunar

Árangursvísir 4.3 Stuðningur í uppeldi og námi

Árangursvísir 4.4 Stuðningur við börn með sérþarfir

Lykilþáttur 7: Stjórnun

Árangursvísir 7.1 Sjálfsmat

Árangursvísir 7.2 Markmið og stefnumörkun

Árangursvísir 7.3 Áætlun til aukins árangurs

Árangursvísir 7.4 Stjórnandinn

Árangursvísir 7.5 Virkni starfsfólks

Stefnt er að því að allt starfsfólk taki þátt í mati á leikskólastarfi á starfsmannafundum eða deildarfundum eftir því sem við á. Tekin er hluti af síðasta starfsdegi vetrarins þar sem mat er klárað.

Árlega er lagt upp með eftirfarandi matsþætti:

- Kynningarfundir fyrir foreldra að hausti.
- Foreldraviðtöl tvisvar yfir skólaárið – helstu niðurstöður teknar saman.
- Starfsmannasamtöl – helstu niðurstöður teknar saman.
- Starfsáætlun.
- Símenntunaráætlun starfsmanna.
- Gátlisti Grænfánaverkefnisins. Sem verður með öðru sinni í fyrsta skipti þetta skólaárið, þar sem gátlistinn er nú fyrir börnin en ekki starfsfólkið.
- Mat barna á skólastarfinu.

Annað hvert ár er lagt upp með eftirfarandi matsþætti:

- Starfsmannakönnun – Fræðslu- og skólanefnd.
- Viðhorfskönnun meðal foreldra – Fræðslu- og skólanefnd.
- Umsókn um Grænfána.